

## **Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld - framtíðarsýn á 21. öldinni**

**Bókarhöfundur:** Ritstjórar eru Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir

**Bókarheiti:** Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld – framtíðarsýn á 21. öldinni

**Gagnrýnandi:** Guðmundur Heiðar Frimannsson, prófessor

**Útgáfa:** Efling – stéttarfélag og ReykjavíkúAkademían, Reykjavík 2007, 123 bls.

Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar á síðustu öld og þeirri næstu

Tuttugasta öldin var merkileg um margt, sérstaklega fyrir einkennilega blöndu framfara, bættis mannlífs og ótrúlegrar mannvonsku. Frægustu dæmin um mannvonskuna eru heimsstyrjaldirnar tvær, stjórnmalastefnurnar kommúnismi og nasismi og stjórnmalamennirnir Hitler og Stalín. Fleira mætti nefna til að sýna fram á að myndin er ekki svart-hvít. Þekktustu dæmin um framfarirnar eru vísindin, kenningar Einsteins í eðlisfræði, uppgötvun erfðaefnisins og framfarir í læknisfræði. En það er einnig sérstök ástæða til að nefna framfarir í hagfræði og stjórnvísindum og raunar víða í félagsvísindum því að sú grein gleymist gjarnan þegar hugsað er um vísindi: Við skiljum sum samfélagsfyrirbrigði betur nú en fyrir hundrað árum. Gífurlegar tæknilegar framfarir urðu á tuttugustu öldinni og fjöldamörg samfélög heimsins urðu auðug og gerðu venjulegu fólki auðveldara að lifa af; raunar ekki einvörðungu að lifa af heldur að lifa lífi sem það gat stjórnað og var fjölbreyttara og ánægjulegra en líf forfeðra þeirra.

Kannski verður merkasta arfleifð tuttugustu aldarinnar að hafa tekist að losa sig við opinbera mannvonsku úr stjórnmalum. Nú skilja allir sem vilja hvað það merkir ef sagt er að losna þurfi við kynþátt eða heila stétt manna úr samfélaginu. Flestum löndum Evrópu tókst á síðari hluta tuttugustu aldar að losa sig úr viðjum þeirra hugmynda sem ganga út á að meiða fólk og drepa í nafni framfara. Núna eru flest ríki Evrópu lýðræðisríki þar sem réttindi einstaklinga eru virt.

Ekki er það einvörðungu frelsið og frjáls markaður sem borið hefur sigur úr býtum í átökum tuttugustu aldarinnar heldur líka velferðin. Sá heimshluti sem stendur okkur næst, Norðurlöndin, þróaði merkilegt velferðarkerfi á tuttugustu öldinni. Merkilegt er að í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar hefur þessi sérstaka blanda velferðar og frelsis, sem dafnaði á Norðurlöndum, skilað samfélögum sem eru til fyrirmyndar, næstum sama á hvaða kvarða mælt er eða frá hvaða sjónarhóli horft er. Við skiljum ekki til hlítar hvernig á þessu stendur en þó vitum við um suma innviði sem eru nauðsynlegir: Almenn skólakerfi, sjúkrahúspjónusta sem í meginatriðum er greidd með skattfé, almennt bótakerfi, öflugt atvinnulíf, stjórnmalamenn sem sýna ábyrgð í meðferð almannaþjárfjár, takmarka vald sitt og lúta lögum og almenning sem ber ábyrgð á eigin lífi og telur sjálfsagt að vinna fyrir sér. Þetta er ekki tæmandi listi yfir innviði velferðarsamfélaga, bara vísbendingar um hvað þarf að vera fyrir hendi til að þau gangi upp eins og þau hafa gert á Norðurlöndunum.

Ísland er að nokkru leyti sérstakt í hópi Norðurlanda. Iðnvæðing og borgarmyndun hófust hér mun síðar en á annars staðar á Norðurlöndum, sjálfspurftin var því lífseigari hér en þar og það ok sem henni fylgdi eins og vistarbandið. Á síðari hluta tuttugustu aldarinnar hefur Íslandi tekist að komast í hóp auðugustu samfélaga heims með því að taka upp löggjöf sem er sambærileg við þá sem viðtekin er í Evrópu. Ítök stjórnmalamanna voru mun viðtækari í íslensku samfélagi en í annars staðar í vesturhluta Evrópu og á Norðurlöndum en losnað hefur um þau á síðustu tuttugu árum. Það er einn lykkillinn að miklum uppgangi sem hefur verið á Íslandi síðustu tíu árin.

Á síðasta ári efndu Efling – stéttarfélag og ReykjavíkúAkademían til ráðstefnu um hlut launþegahreyfingarinnar í þeim breytingum sem urðu á Íslandi á tuttugustu öldinni og horfur á nýrri öld. Nú eru erindin sem flutt voru á ráðstefnunni komin út á bók. Þau eru öll vel skrifuð og skýr og draga fram ólíka þætti í því hlutverki sem verkalýðshreyfingin gegndi í mótun nútímasamfélags á Íslandi. Hér er ekki um tæmandi úttekt að ræða en dregin fram ýmis atriði sem skipta máli.

Ritgerðunum má skipta í tvo flokka. Fyrri flokkurinn fjallar almennt um íslenska þjóðfélagsþróun og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í henni. Ingólfur Gíslason nálgast samhengið á milli framleiðsluhátta og stjórnála og lýsir þróun verkalýðshreyfingar og íslenskra stjórnála. Guðmundur Jónsson greinir forsendur og orsakavalda í tilurð og þróun velferðarkerfis á Íslandi. Stefán Ólafsson skoðar þá sérkennilegu staðreynd að verkalýðshreyfingin virðist hafa náð flestum baráttumálum sínum fram en í upphafi nýrrar aldar er hún þó í ákveðinni tilvistarkreppu.

Ritgerðir í síðari flokknum eru um afmörkuð efni í þróun verkalýðshreyfingar og samfélags. Ólöf Garðarsdóttir beinir athyglinni að þjóðfélagsbreytingum og skólasókn og sambandi námsárangurs og

félagslegs uppruna. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir skoðar kynjaskiptingu innan verkalýðshreyfingarinnar og lýsir viðhorfum til hlutverks kvenna og karla. Jón Rúnar Sveinsson greinir frá húsnæðiskerfinu og hlutverki hins opinbera í þróun þess. Viðar Hreinsson skrifar grein um verkalýðsbókmenntir, hvað greinir þær frá öðrum tegundum bókmennta.

Fjöldamargt fróðlegt kemur fram í þessum ritgerðum. Kannski þótti mér merkilegust greining Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur á viðhorfum til hlutverks kynjanna og þær mótsagnir sem hún dregur fram. Mér finnst líklegt að þessi mótsagnakenndu viðhorf séu ein skýringin á að breytingar á stöðu kvenna ganga hægt fyrir sig í samfélaginu almennt en ekki bara í verkalýðshreyfingunni. Guðmundur Jónsson fjallar einnig um hlutverk kvenna í mótun velferðarkerfisins og Ingólfur Gíslason vísar að hlut kvenna í uppbyggingu iðnaðar. Stefán Ólafsson, Ingólfur og Guðmundur fjalla um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í uppbyggingu velferðarkerfisins og það íslenska sérkenni að þau áhrif urðu í gegnum kjarasamninga fremur en löggjöf eins og algengast var annars staðar á Norðurlöndum. Stefán skoðar einnig viðfangsefni og vanda verkalýðshreyfingar í ljósi alþjóðavæðingarinnar. Viðar Hreinsson vísar að því að verkalýðshreyfing nútímans stefni í hugsjónaþrot og hún eigi ekkert eftir nema gera neysluglauminn auðveldari. Þetta er að minni hyggu rangt mat á hlutverki og verkefnum verkalýðshreyfingarinnar á nýrri öld. Stefán Ólafsson er mun raunsærri í greiningu sinni á viðfangsefnum hennar en það er rétt hjá Viðari að jöfnuður og réttlæti eru ekki eins einföld í meðförum í nútímaaðstæðum og áður. Ein (en bara ein) af ástæðum þess er sú að verkalýðshreyfingin er einhver stærsti fjármagnseigandi samfélagsins í lífeyrissjóðunum og á því ríkra hagsmuna að gæta að fjármálastjórn samfélagsins sé ábyrg. Miklar og almennar launahækkanir eru ekki endilega brýnustu hagsmunir verkalýðshreyfingarinnar.

Þetta er ekki stór bók en í henni er saman dreginn mikill fróðleikur og vandað er til hennar. Af henni er ekki hægt að draga einfalda niðurstöðu um samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar en enginn ætti að fara í grafgötur um að hún var öflugt samfélagsafl á tuttugustu öld og verður það að líkindum á þeirri tuttugustu og fyrstu.